

Leitar enn að týndum verkum

● Vefsíða með heildarverkaskrá Ásgerðar Búadóttur ● Eina heildarverkaskrá íslensks listamanns sem veitir jafn ítarlegar upplýsingar ● Verk endaði í ruslinu eftir flóð í Kaupmannahöfn

VIÐTAL

María Margrét Jóhannsdóttir
mariamargret@mbl.is



Heildarverkaskrá Ásgerðar Búadóttur myndlistarmanns er nú aðgengilegt öllum á vefsíðunni Ásgerðarsafn.is en Ásgerður er jafnan talin einn helsti frumkvöðull nútímaveflistar á Íslandi. Það er



Björn Prándur Björnsson

sonur Ásgerðar, Björn Prándur Björnsson, sem stendur að framtakinu en hugsjón verkefnisins er að auka aðgengi almennings og fræðasamfélagsins að list og ferli Ásgerðar

og þar með styðja við varðveislu íslensks menningararfs og listasögu. Prándur segir að fá dæmi séu til um heildarverkaskrár íslenskra listamanna og þá sé þetta eina heildarverkaskrá íslensks listamanns sem veitir jafn ítarlegar upplýsingar um verkin í bæði máli og myndum.

Verk geta alltaf dúkkað upp

„Þetta verkefni hófst árið 2020 þegar haldin var yfirlitssýning á verkum móður minnar á Kjarvalsstöðum. Listasafn Reykjavíkur hafði samband við mig og bað mig að vera þeim innan handar við að finna verk og upplýsingar um verk hennar. Það var dálítill leit að verkunum, sem flest eru í einkaeigu. Þegar sýningunni lauk hélt ég áfram að hafa uppi á verkunum hennar. Ég var þá byrjaður að minnka við mig vinnu og leit á þetta sem skemmtilegt áhugamál, en myndlist hefur alltaf verið mér mjög hugleikin enda sonur foreldra minna,“ segir Prándur sem er líffræðingur og starfaði sem prófessor við háskólann í Gautaborg en faðir hans var Björn Th. Björnsson listfræðingur.

„Ég fór í það verk að reyna að átta mig á því hvað það væru til mörg verk eftir mömmu og reyna að hafa uppi á þeim. Maður getur



Ljósmyndir/Ásgerðarsafn

Týnt Vitað er að Eldlandið var ofið fyrir Iðnlánasjóð árið 1991 sem var sameinaður Íslandsbanka en finnst hvergi.



1999 Þetta verk er 50 x 50 cm að stærð en það var selt á sýningu Galleris i8.

aldrei sagt með vissu til um fjölda verka sem til eru því maður veit ekki hvað hún óf mikið. Hins vegar er það tímafrek iðja að vefa og hvert einasta verk tekur langan tíma. Eftir fimmtíu ára starf má áætla að eftir hana liggi um 200 verk, lítil og stór, en alltaf geta dúkkað upp verk sem maður veit ekki um, sérstaklega frá fyrstu árunum.“

Leitar í minningargreinum

„Ég hafði tvær minnisbækur frá mömmu þar sem hún hafði skrifað niður nöfn verka, kaupenda og stundum upplýsingar um stærð. Eins lét hún taka töluvert af myndum af verkunum sínum, sérstaklega um miðbik ferilsins, og geymdi einnig sýningarskrár. Þannig gat ég púslað saman upplýsingum sem hafa hjálpað mér við að leita að eigendum og rekja eigendasögu verkanna. Oft er fólk látið og þá þarf ég að hafa uppi á afkomendum. Þá koma minningargreinar Morgunblaðsins að góðu gagni. Ég hef alltaf fengið jákvæð viðbrögð og oft er það þannig að börnin hafa erfð verkin og þau hanga jafnvel uppi á vegg hjá þeim. Þegar engar heildarverkaskrár eru til yfir listamenn er alltaf hætt við að dúkki upp verk sem eru ranglega eignuð þeim og þá er mikilvægt að eigendasaga sé fyrir hendi.

Ljósmyndir mikilvægar

Ein af stóru áskorunum hefur verið að finna ljósmyndir frá sýningum, til að vita hvaða verk voru sýnd, því í eldri sýningarskrá stóð kannski bara „vefnaður“ eða nafn á verki sem að öðru leyti er óþekkt. Hér áður fyrr var það mjög algengt að ljósmyndarar frá dagblöðunum sæktu sýningaropnanir og tækju myndir fyrir blöðin. Blöðin birtu oftast bara eina mynd en líklegast tóku ljósmyndararnir fleiri og ég hef því reynt að hafa uppi á þeim. Nú eru flest dagblöðin döttin upp fyrir en mörg þeirra skiluðu sínum myndasöfnum til Ljósmyndasafns Reykjavíkur. Þar hef ég varið töluverðum tíma og fengið mjög góða hjálp við að fara í gegnum möppu eftir möppu. Ef ég var heppinn þá fann ég mynd af mömmu að opna sýningu og kannski sást í eitt verka hennar.

Ljósmyndir frá myndlistarsýningum eru líka afar mikilvægar heimildir því þá sér maður t.d. hvernig sýningarnar voru settar upp. Mér finnst til dæmis að söfnin ættu að koma sér upp safni ljósmynda frá myndlistarsýningum. Þá er ég alltaf að vonast til þess að rekast á áhuga-ljósmyndara sem tóku ljósmyndir

á myndlistarsýningum. Kannski leynast slíkar myndir í fjölskyldu-albúnum einhvers staðar.“

Prándur segir að vefurinn tímarit.is hafi einnig komið að miklu gagni. „Þetta er einstakt á heimsvísu. Það er mun erfiðara að leita í erlendum dagblöðum, maður rekst yfirleitt alltaf á höfundarréttarveggi. Mamma sýndi til dæmis mikið í Kaupmannahöfn og var örugglega töluvert fjallað um þær sýningar í dönskum blöðum. Til að finna þær greinar þyrfti ég líklegast að fara til Kaupmannahafnar og setjast inn á Konunglega bókasafnið til þess að geta flett upp í dagblöðum. Það er ekkert í líkingu við það sem við höfum hér á landi, allt stafrænt og aðgengilegt á netinu.

Safn sem gagnast mörgum

Þegar ég var búinn að viðá að mér miklu magni af upplýsingum fór ég að hugsa hvað ég gæti gert við þetta. Þetta var bara í tölvunni minni, engum til gagns. Þá ákvað ég að hafa samband við listfræðingana Aldísi Arnarsdóttur og Aðalstein Ingólfsson og svo Ingvar Víkingsson sem er graffískur hönnuður. Saman mynduðum við fagrað og komumst að þeirri niðurstöðu að best væri að setja þetta á netið. Hinn kosturinn var að gefa út heildarverkaskrána sem bók eða svokallaðan „catalogue raisonné“ en þar sem ég var ekki með allar upplýsingar og enn að leita að verkum þá var það of stórt skref. Kosturinn við vefsíðu er að hana er hægt að uppfæra um leið og nýjar upplýsingar eða myndir finnast. Þá er hún líka aðgengileg öllum og getur vonandi gagnast mörgum.“

Til verkefnisins hefur Prándur fengið góða styrki frá Myndstefi, Myndlistarsjóði og Menningarsjóði Seðlabanka Íslands tengdum nafni Jóhannesar Nordals. Þessir styrkir hafa að miklu leyti fjármagnað þróun vefsíðunnar og gagnagrunnsins sem liggur að baki henni, en þá vinnu hefur hugbúnaðarfyrtækið Físlausnir ehf séð um.

Lýsir eftir týndum verkum

Prándur segir að enn sé ekki vitað um að minnsta kosti 35 verk Ásgerðar. „Þau eru í raun og veru týnd. Ég veit af verkunum en ekki um afdrif þeirra. Ég á myndir af nokkrum þeirra og þetta eru stundum stór og mikil verk en sum verk-in veit ég ekkert um, hvorki hvernig þau líta út né hver keypti þau. Veit bara að þau voru einhvern tímann á sýningu [en með þessu viðtali fylgja myndir af nokkrum þeim verkum sem leitað er að, innsk. blm.].

Þegar kemur að vefnaði þá er viðhorfið til slíkra listaverka mögulega annað en til málverka. Fólk er kannski ekki jafn meðvitað um að um myndlist sé að ræða. Þá er auðvelt að rúlla þeim upp og setja í geymslu þar sem þau gleymast. Svo týnast þau í flutningum, er óvart hent eða verða fyrir tjóni. Ef maður er með málverk í ramma þá er kannski erfiðara að týna því.

Mamma óf til dæmis stórt verk fyrir Norræna menningarsjóðinn sem er með höfuðstöðvar í Kaupmannahöfn. Þegar sjóðurinn flutti í annað húsnæði var öllu pakkað niður í geymslu. Síðan verður þarna mikið flóð, kjallarinn fyllist af vatni og öllu er hent. Þetta verk endar því í ruslinu sem er grátlegt því ég er viss um að góður forvörður hefði getað bjargað því. Ég er alltaf dálítið svektur þegar ég hugsa um það.“

Prándur segist hvergi nærri hættur og hvetur fólk til þess að hafa samband ef það hefur einhverjar myndir eða upplýsingar um verk Ásgerðar. „Þetta er endalaus vinna og ég er enn að leita. Þetta er ekki búið,“ segir Prándur að lokum en hægt er að senda tölvupóst á netfangið info@asgerdarsafn.is.

Við smíðum lyklakerfi í öllum stærðum



Fyrir:

- Húsfélög
- Nýbyggingar
- Fyrirtæki
- Einstaklinga



Við erum með frá upphafi, allt frá hönnun til uppsetningar



www.lasar.is | lasar@lasar.is | 510-8888 | Skemmuvegur 4